

Mánudaginn 29. maí 1995.

Nr. 212/1994.

S. V. vöruflutningar

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Pormóði ramma hf.

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Málið var þingfest í Hæstarétti 1. júní 1994. Með bréfi stefnda 10. maí 1995 var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 150.000 krónur.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað.

Rök stefnda eru þau, að fram hafi farið árangurslaust fjárnám hjá Sigurði Víglundssyni, Laufvangi 12, Hafnarfirði, en S. V. vöruflutningar, áfrýjandi máls þessa, sé óskráð einkafyrirtæki hans. Séu allar líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Heimilt sé að gera kröfuna, þótt hún hafi ekki verið gerð við þingfestingu málsins, en hún sé fram komin, um leið og tilefni gafst. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að áfrýjandi hafi komist í fjárhagsvandræði vegna vanefnda stefnda. Áfrýjandi sé í fastri vinnu, og bú hans hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta. Þá hafi stefnda borið að setja fram kröfu sína um málskostnaðartryggingu við þingfestingu málsins.

Í endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Hafnarfirði 5. janúar 1995 kemur fram, að áfrýjandi lýsir sig eignalausán. Í málinu liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar um hag áfrýjanda. Með vísan til þess verður að telja verulegar líkur á því, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að taka kröfu stefnda til greina, enda kom hún fram, þegar er tilefni var til. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 50.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Á l y k t a r o r ð:

Áfrýjanda, S. V. vöruflutningum, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 50.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 212/1994. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.
